

Stofnun Vilhjálms Stefánssonar
14 407

Ársreikningur 2020

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Stofnun Vilhjálms Stefánsonar

kt. 610498-2729

Borgum v/Norðurslóð, 600 Akureyri

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Stofnun Vilhjálms Stefánssonar á Akureyri er íslensk norðurslóðastofnun sem starfar samkvæmt lögum nr. 81 frá 26. maí 1997. Stofnuninni er ætlað innlent og alþjóðlegt hlutverk viðvíkjandi rannsóknum, upplýsingamiðlun, ráðgjöf og samvinnu á sviði sjálfbærrar þróunar og umhverfismála á norðurslóðum. Verkefni stofnunarinnar tengjast í áherslu á þverfaglega og fjölþjóðlega umfjöllun um fræðilegar og hagnýtar lausnir á viðfangsefnum sem sérstaklega tengjast norðurslóðum.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 17 og málaflokk 50 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2020 var ársveltan kr. 85,6 milljónir og afkoma kr. -8 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 1,8 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 126,2 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2020 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Niels Einarsson
Forstöðumaður

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2020

	Skýr	2020	2019
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	44.200.000	43.400.000
Framlög og ýmsar tekjur	3	40.957.277	38.136.214
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	395.711	352.353
Tekjur samtals		<u>85.552.988</u>	<u>81.888.567</u>
Gjöld			
Laun og launatengd gjöld	4	70.955.127	57.369.093
Annar rekstrarkostnaður	5	22.152.314	30.079.804
Afskriftir	6	395.711	352.353
Gjöld samtals		<u>93.503.152</u>	<u>87.801.250</u>
Afkoma (tap) fyrir fjármagnsliði		(7.950.164)	(5.912.683)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		<u>(2.438)</u>	<u>(7.840)</u>
		(2.438)	(7.840)
Afkoma ársins		<u><u>(7.952.602)</u></u>	<u><u>(5.920.523)</u></u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr	31.12.2020	31.12.2019
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	6		
Áhöld, tæki og búnaður		1.378.215	1.169.998
Aðrar eignir		700.000	700.000
		<u>2.078.215</u>	<u>1.869.998</u>
Fastafjármunir samtals		<u>2.078.215</u>	<u>1.869.998</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		5.187	0
Tengdir aðilar	7	123.963.266	14.818.595
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		50.573	50.573
Handbært fé		132.235	45.667.475
		<u>124.151.261</u>	<u>60.536.643</u>
Veltufjármunir samtals		<u>124.151.261</u>	<u>60.536.643</u>
Eignir samtals		<u>126.229.476</u>	<u>62.406.641</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	8		
Hrein eign		<u>1.787.193</u>	<u>9.739.795</u>
Eigið fé samtals		<u>1.787.193</u>	<u>9.739.795</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	7	0	73.450
Viðskiptaskuldir		114.899.293	44.765.441
Ýmsar skammtímaskuldir	9	7.529.139	5.918.393
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	10	<u>2.013.851</u>	<u>1.909.562</u>
Skuldir samtals		<u>124.442.283</u>	<u>52.666.846</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>126.229.476</u>	<u>62.406.641</u>
Aðrar upplýsingar	11		

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2020

	Skýr	2020	2019
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(7.952.602)	(5.920.523)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir		395.711	352.353
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(395.711)	(352.353)
		<u>(7.952.602)</u>	<u>(5.920.523)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		(5.187)	153.579
Tengdir aðilar		(109.322.049)	37.741.550
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		71.744.598	13.342.088
		<u>(37.582.638)</u>	<u>51.237.217</u>
		<u>(45.535.240)</u>	<u>45.316.694</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	6	(603.928)	(429.926)
		<u>(603.928)</u>	<u>(429.926)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		103.928	0
Fjárfestingarframlag		500.000	429.926
		<u>603.928</u>	<u>429.926</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		(45.535.240)	45.316.694
Handbært fé í byrjun árs		45.667.475	350.781
		<u>132.235</u>	<u>45.667.475</u>
Handbært fé í árslok			

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Aðrar eignir	Óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluvegi og er hluti af afkomu ársins.

Vaxtagjöld af lánum sem tekin hafa verið til þess að fjármagna kaup á varanlegum rekstrarfjármunum eru eignfærð á þeim tíma sem tekur að koma þeim í nýtingarhæft ástand. Önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð í yfirlit um afkomu.

Skýringar

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Skýringar

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bóku stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgögnukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2020	2019
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	44.200.000	43.400.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	395.711	352.353
	<u>44.595.711</u>	<u>43.752.353</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	44.600.000	0	0	44.600.000
Fjáraukalög	(400.000)	0	0	(400.000)
Fjárveiting til tekna	44.200.000	0	0	44.200.000
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi	(52.152.602)	0	0	(52.152.602)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(7.952.602)	0	0	(7.952.602)

3 Framlög og ýmsar tekjur

Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	40.368.618	36.498.323
Ýmsar tekjur	588.659	1.637.891
	<u>40.957.277</u>	<u>38.136.214</u>

4 Laun og launatengd gjöld

Laun	56.155.417	45.537.430
Orlof, breyting	1.718.812	818.230
Launatengd gjöld	12.406.287	10.249.467
Starfsmannakostnaður	674.611	763.966
	<u>70.955.127</u>	<u>57.369.093</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	7,5	5,6

Skýringar

	2020	2019
5 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	524.151	425.387
Ýmis tæki og áhöld	79.414	45.035
Orkugjafar	11.796	5.202
Matvæli	94.814	281.401
Almennar rekstrarvörur	15.914	699
Vörukaup, almenn	726.089	757.724
Kennslu- og föndurvörur	2.295	0
Ýmsar sérgreindar vörur	20.000	0
Vörukaup, sérgreind	22.295	0
Fundir, námskeið, risna	234.270	1.226.664
Ferðir, uppihald	1.434.255	10.593.031
Akstur	168.717	403.688
Sérfræðiþjónusta	6.146.719	4.266.243
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	67.778	85.433
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	126.776	85.988
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	167.882	133.334
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	8.346.397	16.794.381
Afnotagjöld	1.046.274	1.084.859
Leigugjöld	9.512.587	9.667.950
Verkkaup	58.110	6.550
Kostnaðarhlutdeild	35.958	0
Tryggingar, lögboðnar	21.357	27.708
Opinber gjöld	429.247	418.272
Tilfærslur	1.954.000	1.322.360
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	13.057.533	12.527.699
Annar rekstrarkostnaður samtals	22.152.314	30.079.804

6 Varanlegir rekstrarfjármunir

	31.12.2020	31.12.2019
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	1.378.215	1.169.998
Aðrar eignir	700.000	700.000
	2.078.215	1.869.998

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2020:

	Áhöld, tæki og búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Staða 1.1.2020	2.813.108	700.000	3.513.108
Víðbætur á árinu	603.928	0	603.928
	3.417.036	700.000	4.117.036
Afskriftir 1.1.2020	1.643.110	0	1.643.110
Afskrift ársins	395.711	0	395.711
	2.038.821	0	2.038.821
Staða 31.12.2020	1.378.215	700.000	2.078.215

Skýringar

	31.12.2020	31.12.2019
7 Tengdir aðilar		
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.		
<i>Kröfur á tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð	123.963.266	14.818.595
	<u>123.963.266</u>	<u>14.818.595</u>
<i>Skuldir við tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	0	73.450
	<u>0</u>	<u>73.450</u>
8 Eigið fé		
Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum		
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	9.739.795	15.660.318
Afkoma ársins	(7.952.602)	(5.920.523)
Jöfnuður 31.12.	<u>1.787.193</u>	<u>9.739.795</u>
Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.		
9 Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreitt orlof	7.529.139	5.810.327
Ógreidd laun	0	108.066
	<u>7.529.139</u>	<u>5.918.393</u>

Skýringar

10 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	2.078.215	1.869.998
Ofnotuð fjárveiting til fjárfestinga	(64.364)	39.564
	<u>2.013.851</u>	<u>1.909.562</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2020	1.869.998	39.564	1.909.562
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	500.000	500.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	603.928	(603.928)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(395.711)	0	(395.711)
	<u>2.078.215</u>	<u>(64.364)</u>	<u>2.013.851</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2020 munu kr. 0,8 milljónir koma til tekna á árinu 2020.

11 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði til ársloka 2029. Árlegar greiðslur stofnunarinnar vegna húsaleigu nema 9,6 millj. kr.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvilandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2020.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óafturkallanleg loforð

Á ekki við

Atburðir eftir reikningsskiladag

Á ekki við